



# Oddeyrarskóli Tengja

7. tölublað  
skólaárið  
2013-2014

Febrúar 2014

## Skemmtileg árshátíð afstaðin!



Í lok janúar var haldin árshátíð hér í Oddeyrarskóla.

Allir bekkir sýndu atriði og stóðu þeir sig frábærlega.

Sýnd voru fjölbreytt atriði, m.a. úr ýmsum sögum og ævintýrum. Góðlátlegt grín var gert að starfsmönnum skólans, nemendur sýndu listir sínar í íþróttum, stiklað var á stóru um vinsælustu hljómsveitir

sögunnar og síðast en ekki síst var sýnd uppfærsla nemenda í 10. bekk á atriðum úr Dýrunum í Hálsaskógi.

Foreldrafélag skólans styður einstaklega vel við

árshátíðina, m.a. með því að útvega leikstjóra fyrir 10. bekk og síðan stendur félagið fyrir stórglæsilegu kaffihlaðborði milli sýninga.

Dagurinn var ógleymanlegur og til að hjálpa okkur að halda í minningarnar tók Þórarinn Torfason skólasafnskennari og frístundaljósmyndari myndir af sýningunni og eru þær á myndasíðu skólans.

Á laugardagskvöldið héldu nemendur 10. bekkjar dansleik og virtust allir skemmta sér konunglega.



## Fréttakorn til foreldra frá nemendum í 1. bekk

Á dögnum settu kennarar nemendum fyrir að skrifa frétt til foreldra um skólastarfið. Nokkrir nemendur settust niður og skrifuðu:

### Frétt til foreldra frá 1. bekk

„Á mánudagin förum við í sund og lærum einingu og förum í stöðvavinnu og við förum í starfræi til dæmis einingu og 10-20 og mart meira.

Við lesum, við vinum mikið í skólanum við vinum í sögu bók.

Við reiknum og við skrifum og við vefum og við erum að fara í íþróttir og við förum í sunnt. Og við förum í nesti og við förum í matartíma.“

Nemendum í 1. bekk finnst greinilega nóg að gera í skólanum og þrátt fyrir að vera bara búin að vera nokkra mánuði í skóla eru þau mörg hver orðin fljúgandi fær í ritun!

## Frammistöðumat og viðtalsdagar

Fyrstu vikana í mars verður lítil skólasókn hjá nemendum.

Mánudaginn 3. mars og þriðjudaginn 4. mars verða **viðtöl** umsjónarkennara við nemendur og foreldra. Dagana eftir viðtöl, 5.—7. mars verður vetrarfrí.

Foreldrar geta skráð viðtalstíma í Mentor frá 21. febrúar með því að velja **fjölskylduvef** og þar á stikunni til vinstri **skóladagatal**. Þar má finna stjörnu sem smellt er á til að skrá þann tíma sem þið óskið eftir að koma í viðtölin.

Skrá þarf **frammistöðumat í Mentor**, en það verður opið fyrir nemendur frá föstudeginum 21. febrúar til fimmtudagsins 27. febrúar.

Kennarar nýta svo föstudaginn 28. febrúar til að vinna úr upplýsingunum fyrir nemenda- og foreldraviðtöl.

Nauðsynlegt er að foreldrar aðstoði yngstu börnin og fyrir þau eldri skapar það góðan samræðugrundvöll um skólastarfið ef foreldrar eru með börnum sínum við sjálfsmatið.

Frammistöðumat er síðan rætt við nemendur og foreldra á viðtalsdaginn.

Á viðtalsdögum munu nemendur 10. bekkjar selja rjómaþellur og kaffi í fjárflyunaskyni fyrir útskriftarferð sem farin verður í vor. Einnig verða til sölu fiskibollur, með og án eggja.





## Óskilafatnaður

Hjá okkur hefur safnast talsvert mikið af fatnaði sem enginn hefur gert tilkall til.

Að venju verður óskilafatnaður frá skólaárinu til sýnis í anddyri á viðtalsdögunum sem verða 3. og 4. mars.

**Eldri óskilafatnaður verður til sýnis á vesturgangi.** Við hvetjum nemendur og foreldra til að skoða hvort eitthvað leynist af eigum barnanna þar.

Eftir viðtalsdagana verða þessi eldri föt gefin til Rauða krossins eða Hjálpræðishersins.

# Sýn Oddeyrarskóla

Ábyrgð – virðing – vinátta

***Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.***

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum áhuga meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp metnað með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika og að mat á starfinu sé sett fram með leiðsegjandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

## Fréttir af byrjendalæsi í 1. og 2. bekk



Frá miðju hausti höfum við lagt mikla áherslu á hraðlestur og lesskilning í 1. og 2. bekk. Krakkarnir hafa verið í ýmiss konar tímatökulestri í pörum, hópum og einir. Nemendur í 2. bekk hafa lært fyrstu skrefin í *Gagnvirkum lestri* þar sem þau lesa texta og taka saman aðalatriði hans munnlega. Það reynist mörgum erfitt svo við munum æfa það áfram.

Við samkennum 1. og 2. bekk að miklu leyti og það gefur okkur möguleika á fjölbreyttari verkefnum, færri nemendum á hverri stöð og þar af leiðandi nær kennari að einbeita sér betur að hverjum og einum. Við kennum flest allt í þeim og erum með mismunandi

áherslur í hverju þema.

Í október fórum við til dæmis í geimveruþema og notuðum bókina *Bétveir* eftir Sigrúnu Eldjárn. Í þessu þema tókum við sérstaklega fyrir stafrófsröðina, gerð hugtakakorta og samsett orð. Allir hönnuðu sína eigin geimveru út frá hugtakakorti, sniðu í efni og saumuðu. Krakkarnir rúlluðu þessu náttúrlega upp.

Eftir haustfríið tókum við allar bækurnar um *Úlfinn óforskammaða* eftir Mario Ramos og unnum ýmis verkefni tengd þeim. Nemendur unnu með orð sem lýsa, samheiti, lestur og lesskilning. Upp úr þessum bókum unnum við svo árhátíðaratriðið okkar sem lukkaðist mjög vel.

Við leggjum mikla áherslu á allskonar lestur í skólanum; yndislestur, hraðlestur, paralestur, gagnvirkur lestur og fleira. Við reiðum okkur einnig á að foreldrar sinni heimalestrinum vel þar sem það er grunnurinn að góðri lestrarfærni. Í Byrjendalæsinu höfum við líka lagt mikla áherslu á ritun, nemendur eru að skrifa sögur, ýmiss konar lista, uppskriftir, vísur, orð, brandara, gátur og margt fleira.

Bestu kveðjur,

1. og 2. bekkjar teymið